



Reykjavíkurborg

mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Reykjavík, 12. október 2021

R21030087

1210

ep

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

***Greinagerð mannréttinda-, og lýðræðisskrifstofu með fjárhagsáætlun 2022***

Meðfylgjandi er greinagerð mannréttinda-, og lýðræðisskrifstofu með fjárhagsáætlun 2022, lögð fram til staðfestingar í mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði sbr. reglur um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar hjá Reykjavíkurborg.

Virðingarfyllst


Anna Kristinsdóttir  
mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar

Hjálagt:

Greinagerð mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu með fjárhagsáætlun 2022

# Greinagerð með fjárhagsáætlun Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu fyrir árið 2022

## Skipurit



## Hlutverk

### MANNRÉTTINDA -OG LÝÐRÆÐISSKRIFSTOFA

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa framfylgir mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og stendur vörð um að borgarbúum sé ekki mismunað vegna uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnmalaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu.

Einnig ber skrifstofan ábyrgð á lýðræðisverkefnum og samráði við notendur.

Skrifstofan vinnur með mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði Reykjavíkurborgar og fylgir eftir ákvörðunum þess. Einnig fylgir mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa eftir stefnumótun innan málaflokksins í samvinnu við ráðið og eflir samráð innan og utan borgarinnar í þeim málaflokkum sem stefnan nær til. Á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu eru vistuð eftirtalin ráð og nefndir: Öldungaráð Reykjavíkurborgar, Fjölmenningsráð Reykjavíkurborgar, Ofbeldisvarnarnefnd og Aðgengis og samráðsnefnd fatlaðs fólks og níu íbúaráð.

## Fjárhagsáætlun 2022

	Áætlun 2021	Áætlun 2022*
Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð	19.489	19.319
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa	197.723	192.486
Þjónusta við innflytjendur	22.860	23.604
Aðgerðir gegn heimilisofbeldi	41.098	40.707**
Bjarkarhlíð	3.283	3.716
Íbúaráð	60.508	60.462
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>344.961</b>	<b>340.293</b>

\*Gert er ráð fyrir 1% hagræðingu á laun.

\*\*Ef um framúrkeysrslu verður vegna verkefnisins er gert fyrir 12 milljónum af ófyrirséðu.

### Megináherslur og helstu breytingar milli ára

Á árinu 2021 var staða verkefnastjóra kynjaðrar starfs- og fjárhagsáætlunar (KFS) færð frá fjármála- og áhættustýringasviði yfir til mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

Með verkefninu voru færðar 14 milljónir til mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu. Þar af var eitt stöðugildi auk kostnaðar við verkefnið. Viðauki var samþykktur á árinu 2021 og var fjármagnið því ekki í upphaflegri áætlun 2021 en er í endurskoðaðri áætlun.

### Starfsfólk

Í byrjun árs 2021 voru 10,2 stöðugildi á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu. Á árinu bættist eitt stöðugildi við vegna KFS verkefnis.

Gert er ráð fyrir að stöðugildi aukist um eitt á árinu 2022 vegna innleiðingar lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar.